

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2016/EES/27/25

frá 10. desember 2014

um að ákvarða sniðið til að miðla upplýsingum frá aðildarríkjunum um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna*(tilkynnt með númeri C(2014) 9335)*

(2014/896/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/18/ESB frá 4. júlí 2012 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og um breytingu og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/82/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 21. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2012/18/ESB ber aðildarríkjunum að gefa skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir 30. september 2019 og fjórða hvert ár eftir það.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur tekið saman spurningalista til að skilgreina þær upplýsingar sem aðildarríkin skulu gera aðgengilegar vegna skýrslugjafar um framkvæmd tilskipunarinnar.
- 3) Fyrsta skýrslutímabilið ætti að spanna tímabilið frá 1. júní 2015, en þann dag kemur tilskipunin að fullu til framkvæmdar í aðildarríkjunum, til 31. desember 2018 til að veita aðildarríkjunum þann tíma sem þarf til að meta upplýsingar sem safnað hefur verið og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. september 2019. Eftirfarandi fjögurra ára skýrslutímabil munu spanna tímabilin milli 1. janúar á fyrsta ári skýrslutímabilsins og 31. desember á fjórða ári skýrslutímabilsins.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar ráðsins 96/82/EB ⁽²⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*Aðildarríkin skulu skila skýrslu um framkvæmd tilskipunar 2012/18/ESB í samræmi við 2. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar með því að svara spurningalistanum sem settur er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun ⁽³⁾.*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 10. desember 2014

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjttíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13).

⁽³⁾ Einnig aðgengilegur á þessu vefsetri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins: <http://ec.europa.eu/environment/seveso/>

VIÐAUKI

Spurningalisti

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1. Veitið upplýsingar um helstu lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framfylgd tilskipunar 2012/18/ESB. Upplýsingarnar ættu að lágmarki að fela í sér tengiliðaupplýsingar og helstu verkefni (eftirlit með öryggisskýrslum, skipulag landnýtingar, keðjuverkun, gerð og framkvæmd neyðaráætlana til nota utan starfsstöðva, skoðanir, upplýsingar til almennings, viðurlög). Að öðrum kosti skal vísa til fyrri skýrslu ef engar umtalsverðar breytingar hafa orðið.
2. Gefið til kynna hvenær upplýsingarnar um starfsstöðvar voru síðast uppfærðar með tilliti til þess hvenær þeim var bætt við (e)SPIRS-gagnagrunninn.

2. KEÐJUVERKUN (9. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Hvað margir hópar starfsstöðva voru greindir í lok skýrslutímabilsins á þann veg að þar væri aukin áhætta á stórslysi eða afleiðingum þess vegna landfræðilegrar legu og nálægðar þessara starfsstöðva og birgða þeirra af hættulegum efnum, skv. 9. gr. tilskipunar 2012/18/ESB?

3. ÖRYGGISSKÝRSLUR (10. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Hafa allar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til og sem skylt var að skila öryggisskýrslu á skýrslutímabilinu, lagt fram öryggisskýrslu? Ef ekki hve margar hafa ekki skilað henni?
2. Hafa allar öryggisskýrslur verið uppfærðar á undanförunum fimm árum? Ef ekki hve margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til og sem skylt var að uppfæra öryggisskýrsluna á skýrslutímabilinu, hafa ekki uppfært hana?

4. NEYÐARÁÆTLANIR (12. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Hafa verið gerðar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðva fyrir allar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem þessi krafa var gerð til á skýrslutímabilinu? Ef ekki hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem ekki hafa verið gerðar neinar neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar fyrir?
2. Hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem yfirvöld hafa ákveðið að ekki væri nauðsynlegt að semja neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar fyrir í samræmi við 8. mgr. 12. gr. í tilskipun 2012/18/ESB?
3. Ef svarið við spurningu í lið 4.2. er ein eða fleiri tilgreinið rökstuðning þann sem viðkomandi lögbært yfirvald lagði fram í sérhverju tilvik.
4. Hafa neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar verið prófaðar á síðustum þremur árum hjá öllum starfsstöðvum sem strangari kröfur eru gerðar til? Ef ekki hvað eru mörg tilvik þar sem neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar hafa ekki verið prófaðar?
5. Veitið upplýsingar um helstu tilhögun við samráð við þann hluta almennings sem málið varðar um neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar.
6. Gefið stutta skýringu á því hvernig neyðaráætlanir til nota utan starfsstöðvar eru prófaðar (t.d. hlutaprófun, heildarprófun, prófun með þátttöku neyðarþjónustuaðila, skrifborðsprófun (e. *desk top*), o.s.frv.). Gerið grein fyrir því hvaða viðmiðanir eru notaðar við mat á því hvort neyðaráætlun til nota utan starfsstöðvar er fullnægjandi.

5. SKIPULAG LANDNÝTINGAR (13. OG 15. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Hefur verið haft samráð við almenning sem málið varðar á skýrslutímabilinu um öll sértæk, einstök verkefni (nýjar starfsstöðvar, verulegar breytingar á starfandi starfsstöðvum, nýjar framkvæmdir í grennd við starfandi starfsstöðvar) og hefur verið haft samráð við almenning um almennar skipulags- eða framkvæmdaáætlanir sem tengjast nýjum starfsstöðvum eða nýjum framkvæmdum í grennd við starfandi starfsstöðvar? Ef ekki, leggið fram yfirlitsskýrslu um helstu ástæður þess að ekki var haft samráð við almenning í vissum tilvikum.

2. Valkvætt: Er kveðið á um samræmdar eða sameiginlegar málsmeðferðarreglur í landslöggjöf í þínu landi til að uppfylla kröfur um skipulag landnýtingar samkvæmt Seveso-tilskipuninni og kröfur sem leiða af annarri löggjöf, t.d. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB ⁽⁴⁾ og 2001/42/EB ⁽⁵⁾
6. UPPLÝSINGAR UM ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR (14. GR. OG V. VIÐAUKI VIÐ TILSKIPUN 2012/18/ESB)
 1. Hefur verið gerð gangskör að því að gera upplýsingar um öryggisráðstafanir og rétt viðbrögð ef stórslys verður aðgengilegar almenningi á undanförunum fimm árum hjá öllum starfsstöðvum sem strangari kröfur eru gerðar til? Ef ekki hvað eru margar starfsstöðvar, sem strangari kröfur eru gerðar til, sem ekki hafa staðið sig að þessu leyti?
 2. Tilgreinið hvaða aðili (rekstraraðili, yfirvöld) gerir upplýsingarnar samkvæmt lið 6.1 aðgengilegar og, ef unnt er, hvernig (t.d. í bæklingum rekstraraðila eða yfirvalda, dreifibréfum, tölvupóstum, smáskilaboðum).
 3. Eru upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun 2012/18/ESB, aðgengilegar öllum starfsstöðvum að staðaldri, einnig á rafrænu formi, og uppfærðar ef nauðsyn krefur? Ef ekki tilgreinið hlutfall starfsstöðva sem þetta á ekki við um og ráðstafanir sem gerðar eru til að taka á annmörkum.
 4. Tilgreinið hvaða aðili (rekstraraðili, yfirvöld) gerir upplýsingarnar samkvæmt lið 6.3 aðgengilegar að staðaldri og, ef unnt er, hvernig (t.d. í tilkynningum frá rekstraraðilum eða yfirvöldum, á vefsetrum).
 5. Í hversu mörgum starfsstöðvum var álitid við lok skýrslutímabilsins að gæti orðið stórslys sem hefði áhrif yfir landamæri? Í hvað mörgum tilvikum hafa viðeigandi upplýsingar verið veittar aðildarríki sem gæti hafa orðið fyrir áhrifum?
7. SKOÐANIR (20. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)
 1. Á hvaða stigi eða stigum hafa skoðunaráætlanir verið samdar? Hafa þær verið gerðar aðgengilegar almenningi eða hefur almenningur verið upplýstur rafrænt um hvar hægt sé að fá ítarlegri upplýsingar um skoðunaráætlunina ef þess er óskað? Valkvætt: Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil.
 2. Hafa verið gerðar áætlanir um kerfisbundnar skoðanir í öllum starfsstöðvum, þ.m.t. tíðni heimsókna í stöðvar? Hefur dagsetning síðustu heimsóknar á starfsstöð eða tilvísun um hvar hægt sé að nálgast þessar upplýsingar rafrænt verið gerð aðgengileg fyrir almenning? Valkvætt: Ef þær eru birtar á Netinu skal gefa upp viðkomandi tengil.
 3. Í hve mörgum starfsstöðvum, sem strangari kröfur eru gerðar til, er skoðunaráætlunin, þ.m.t. tíðni heimsókna á starfsstöð, byggð á kerfisbundnu mati á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöð? Hve margar falla undir árlegar heimsóknir í starfsstöð?
 4. Í hve mörgum starfsstöðvum, sem vægari kröfur eru gerðar til, er skoðunaráætlunin, ásamt tíðni heimsókna á starfsstöð, byggð á kerfisbundnu mati á stórslysahættum í viðkomandi starfsstöð? Hve margar falla undir heimsókn á starfsstöð a.m.k. þriðja hvert ár?
 5. Er í landslöggjöf eða stjórnsýsluleiðbeiningum kveðið á um samræmt eða sameiginlegt eftirlit samhliða skoðunum sem framkvæmdar eru samkvæmt löggjöf Sambandsins (t.d. samkvæmt tilskipuninni um losun í iðnaði (IED-tilskipunin))?
8. REKSTRARBANN, VIÐURLÖG OG ÖNNUR ÞVINGUNARÚRRÆÐI (19. OG 28. GR. Í TILSKIPUN 2012/18/ESB)
 1. Hjá hvað mörgum starfsstöðvum hefur rekstur verið bannaður eða bannað að rekstur hefjist á skýrslutímabilinu?
 2. Hvað hefur verið gripið til margra annarra tegunda þvingunarráðstafana á skýrslutímabilinu? Veitið upplýsingar um þær tegundir aðgerða sem oftast er beitt (t.d. rekstrarbann, stjórnsýsluviðurlög, sekt eða önnur ráðstöfun). Gefið upp tölfræðilega sundurliðun ef mögulegt er.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið (Stjtið. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

9. AÐGANGUR AÐ RÉTTARKERFINU (23. GR. TILSKIPUNAR 2012/18/ESB)

1. Útskýrið hvernig tryggt hefur verið að farið sé að 23. gr. í tilskipun 2012/18/ESB um aðgang að réttarkerfinu og lýsið reynslunni af því að beita þessari grein á skýrslutímabilinu.

10. FREKARI UPPLÝSINGAR

1. Valkvætt: Veitið allar almennar viðbótarupplýsingar, sem tengjast Seveso-tilskipuninni, reynslu við framkvæmd, skýrslur, o.s.frv. sem gætu skipt máli og unnt er að miðla til almennings, um eftirfarandi atriði:
 - a) lærdómur dreginn af slysum og atvikum til að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig,
 - b) upplýsingatæknitól til að hafa eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar og til gagnamiðlunar,
 - c) hvers kyns aðgerðir sem falla undir Seveso-tilskipunina (sem varða tilkynningu um starfsemi, kröfur varðandi öryggisstjórnun, öryggisskýrslur, upplýsingar til almennings, gerð neyðaráætlana og skoðanir) sem beitt er gagnvart mannvirkjum og starfsemi, sem tilskipun 2012/18/ESB nær ekki til, t.d. leiðslum, höfnum, röðunarsvæðum, mannvirkjum á hafi úti, gasleit, nýtingu, o.s.frv., ef það varðar málið.